


✉ Re: Umsagnarbeiðni vegna Mjólkár línu 2, breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Búið til	3.11.2022 12:25:59
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.11.2022 12:25:58
Tilheyrir	 202210-0016 - Mjólkár línu 2, breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 - umsagnarbeiðni.

Efni

Re: Umsagnarbeiðni vegna Mjólkár línu 2, breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.11.2022 12:25:58	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	helgathuridur@isafjordur.is, skipulag@isafjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,
Tilvísun í mál nr. 202210-0016 (SS).

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, dags. 11. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Breytingin tekur til lagningu á nýjum 16 km löngum 66 kV jarðstreng frá Mjólká að Hrafnseyti og þaðan með sæstreng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal. Jarðstrengurinn tilheyrir Mjólkár línu 2.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð og uppdrætti sem tilheyra aðalskipulagsbreytingunni og gerir ekki athugasemdir við breytinguna eða lagningu jarðstrengsins.

Valkostur B, að hafa landtöku sæstrengs á Hrafnseyri er ákjósanlegri en landtaka í Auðkúlubót til að hlífa æðarvarpi og öðru fuglalífi við truflun en þar er einnig kríuvarp.

Þá er valkostur B, við að leggja jarðstrenginn í veglínu ákjósanlegri en valkostur A, við að fylgja núverandi háspennustreng OV því sá fyrri hlífir sjávarfítjum við Gljúfurá sem hafa mjög hátt verndargildi.

Jákvætt er að stefnt sé að því að þeir valkostir sem fela í sér minna rask á náttúru svæðisins verði fyrir valinu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Helga Þuríður Magnúsdóttir" <helgathuridur@isafjordur.is>
To:
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni vegna Mjólkár línu 2, breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020
Date: 11.10.2022 16:01:29

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar birtir til kynningar, vinnslutillögu breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti.

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til Mjólkár línu 2 milli Mjólkár virkjunar og Bíldudals og helgunarsvæðis hennar, þ.e. þess hluta hennar sem liggur innan marka Ísafjarðarbæjar.

Um er að ræða lagningu nýs 16 km langs 66 kV jarðstreng frá Mjólká að Hrafnseyri og þaðan með sæstreng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal.

Jarðstrengurinn liggur að mestu leyti samhliða þjóðvegum, þ.e. Vestfjarðavegi nr. 60 frá Mjólká og þaðan að Hrafnseyrarvegi nr. 626 og meðfram Hrafnseyrarvegi að Hrafnseyri.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að tryggja áreiðanleika raforkuafhendingar á sunnanverðum Vestfjörðum.

Núverandi afhending Landsnets á orku til Orkubús Vestfjarða á svæðinu er annars vegar við Mjólká og hins vegar við Keldeyri við Tálknafjörð en þangað er orka leidd um Tálknafjarðarlínu frá Mjólká.

Orka er svo flutt frá Tálknafirði um Bíldudalslínu að Bíldudal en sú lína hefur verið spennuhækkuð í 66 kV. Með lagningu jarð- og sæstrengs frá Mjólkár virkjun að Bíldudal kemst á hringtenging á milli Mjólkár, Bíldudals og Tálknafjarðar.

Umsögn óskast send á netfangið skipulag@isafjordur.is (<mailto:skipulag@isafjordur.is>) eða bréfleiðis á Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði fyrir 3. nóvember 2022.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa,

Helga Þuríður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði
(<http://www.isafjordur.is/>) Ísafjarðarbær
450 8000 (tel:+3544508000) - www.isafjordur.is (<https://www.isafjordur.is>)

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun (<https://www.isafjordur.is/is/moya/news/isafjardarbaer-hlytur-jafnlaunavottun>) og sílfurvottun EarthCheck (<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/umhverfi/earthcheck>). Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer. (<https://www.isafjordur.is/is/moya/page/fyrirvari-um-medferd-tolvuposts-sem-berst-fra-isafjardarbae>)
erkís, fh Landsnets, vegna Mjólkár línu 2, þ.e. jarð- og sæstrengur í Arnarfirði.